

Evrópska samfélagskönnunin (The European Social Survey) er könnun á félagslegum viðhorfum, skoðunum og hegðun fólks í löndum Evrópu

Það er okkur mjög mikilvægt að þínar persónulegu upplýsingar séu vel varðar. Þetta fylgibréf tilgreinir hvað við gerum við þær upplýsingar sem við öflum og geymum.

Hvers vegna höfum við samband við þig?

ESS hefur beðið hagstofur þátttökulanda sinna að útbúa lista yfir mögulega þátttakendur sem endurspeglar lýðfræði landanna, en þessar upplýsingar byggja á tilviljunarúrtökum út frá aldri, kyni og búsetu.

Ef þú ert yngri en **18** ára á þeim tíma sem viðtalið er tekið, verður forráðamaður beðinn um leyfi fyrir þinni þátttöku. Ef þú ert forráðamaður getur þú beðið um að sjá spurningalistann áður en hann er lagður fyrir.

Þátttaka þín í ESS

Í ESS viðtalinu verður þú spurð/-ur ýmissa spurninga varðandi viðhorf þín, atburði í lífi þínu og jafnframt spurninga varðandi staðreyndir. Við munum spyrja um stjórnsmál, trúsmál, stéttarfélagasáttid og um viðhorf til þjóðfélagsmála. Svör þín í viðtalinu verða skráð rafrænt. Við söfnum einnig upplýsingum um svæðið sem þú býrð á.

Þátttaka þín í könnuninni er þér í sjálfvald sett. Þú ræður hvaða spurningum þú svarar og þú getur hætt þátttöku hvenær sem er án þess að gefa skýringu á því.

Ef þú ákveður að taka ekki þátt

Ef þú af einhverjum ástæðum ákveður að taka ekki þátt í ESS, munum við biðja þig um ástæður þess og skrá þær niður, t.d. hvort það sé vegna tungumálaörðugleika eða veikinda. Þessar upplýsingar hjálpa okkur að sjá hvort fólk sem tekur þátt í könnuninni endurspeglar þjóðina í landinu. Hér að neðan eru upplýsingar varðandi þína friðhelgi og réttindi.

Hvað verður um upplýsingarnar sem er safnað?

- ❖ Allar upplýsingar um þig verða meðhöndlaðar í fullum trúnaði og í samræmi við Persónuverndarlöggjöf Evrópuþingsins (GDPR) og íslensk lög um gagnavernd.
- ❖ Einungis Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands mun hafa aðgang að þínum tengiliðaupplýsingum (t.d. nafni og heimilisfangi).
- ❖ Þegar könnunin klárast mun Félagsvísindastofnun senda ESS gögnin, án nafns þíns og samskiptaupplýsinga, til gagnabanka ESS í Noregi (Norwegian Centre for Research Data, Bergen, Norway, NSD).
- ❖ Nafni þínu og tengiliðaupplýsingum verður búið að eyða þegar gögnin verða gerð opinber og ekki síðar en í júní 2020.
- ❖ Öll önnur ESS gögn sem safnað verður verða geymd á öruggan hátt í ótilgreindan tíma. Þau verða gerð opinber til vísindalegra nota til rannsakenda, nemenda og annara sem áhuga hafa á félagslegum viðhorfum Evrópubúa.
- ❖ Það er mögulegt en engu að síður ólíklegt að einhverjar upplýsingar (eins og ríkisborgararéttur, aldur, fæðingarland, starfsheiti, ætterni og sveitarfélag) gætu auðkennt þig ef upplýsingarnar væru lagðar saman á ákveðinn hátt. Þessi möguleiki á aðeins við um svörin úr könnuninni sjálfri en þau eru ekki

YFIRLÝSING ESS ERIC UM GAGNAVERND

gerð opinber. Aðgangur að þeim gögnum verður aðeins veittur rannsakendum eftir að búið verður að samþykkja umsókn þeirra og trúnaðarsamningur verður til staðar.

- ❖ Niðurstöður könnunarinnar verða settar í opinn aðgang á heimasíðu ESS í maí 2020.
- ❖ Við munum taka öll nauðsynleg skref til að tryggja að enginn þátttakandi verði auðgreinanlegur, hvorki í niðurstöðum könnunarinnar né í neinum útgáfum sem byggja á rannsókninni.

Þín réttindi

Á meðan við getum borið kennsl á þig í niðurstöðum ESS (svörum í könnuninni), átt þú rétt á því að mótmæla vinnslu á þínum persónulegu gögnum, að fá aðgang að, leiðréttu og eyða hvaða upplýsingum um þig sem til eru og að spyrja okkur hvaða upplýsingar við höfum um þig. Um leið og persónugreinanlegum upplýsingum um þig, eins og nafni og heimilisfangi, hefur verið eytt mun ekki vera mögulegt að eyða út upplýsingunum sem þú veittir. Þú átt einnig rétt á því að leggja fram kvörtun til Persónuverndar eða bresku persónuverndarstofnunarinnar.

Hver ber ábyrgð?

The European Social Survey European Research Infrastructure Consortium (ESS ERIC) ábyrgist könnunina og er jafnframt gagnavörður. Höfuðstöðvar þeirra eru London, Bretlandi.

Hvaða stofnanir koma að könnuninni?

Á Íslandi eru það Sigrún Ólafsdóttir prófessor við Háskóla Íslands og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem bera ábyrgð á uppsetningu og framkvæmd könnunarinnar. Yfirlit á rannsóknaraðilum má nálgast á www.hi.is og www.fel.hi.is.

Hvaða rétt höfum við á því að safna persónuupplýsingum um þig?

ESS styðst við þann lögmæta grundvöll að verkefnið varðar almannahag og er nauðsynlegt fyrir rannsóknir og vistun gagna samkvæmt reglugerðum um gagnavernd og innlendum lögum.

Hvar get ég nálgast meiri upplýsingar?

Nánari upplýsingar varðandi rannsóknina má finna á heimasíðu ESS, www.europeansocialsurvey.org

Tengiliðir:

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 525-4545; felagsvisindastofnun@hi.is

Gagnavörsluaðili, ESS ERIC (ábyrgðaraðili): dpo.esseric@europeansocialsurvey.org

Persónuvernd: 510-9600; postur@personuvernd.is

Breska persónuverndarstofnunin

Sent með pósti: Wycliffe House

Water Lane

Wilmslow Cheshire

SK9 5AF

Sími +44 01625 545700

<https://ico.org.uk/global/contact-us/email/>

Fyrirvari um friðhelgi í heild sinni: www.europeansocialsurvey.org/about/privacy.html